

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	5.6.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	GMR ehf	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Örn Garðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú eldri frávík eru í eftirfylgni er varða

1. Ryk sem berst undan þakjárnri á meðan vinnslu stendur. Áminning og krafa um úrbætur var send rekstraraðila þann 22.apríl sl. þar sem að frestur til að leggja fram tímasetta úrbótaáætlun var veittur til 13.maí sl. Í eftirlitinu kom fram að slík áætlun liggur ekki fyrir. Rekstraraðili hefur skipt um síupoka í reykhreinsivirkinu en að öðru leiti hefur ekki verið bætt úr frávikinu.
2. Hráefni sem ekki hentar til vinnslu er á lóð fyrirtækisins. Frávikið kom fram í fyrirvaralausum eftirliti þann 15.maí sl. og frestur veittur til 25.júní sl. til úrbóta. Í eftirlitinu kom í ljós að hráefnisgeymslur voru sömuleiðis fullar af blönduðu brotajárnri sem ekki hentar í vinnslu. Í eftirlitinu reifaði rekstraraðili þá hugmynd að þeir hygðust fá flokkunartæki til að ná vinnanlegu efni úr haugunum. Tímasett áætlun liggur ekki fyrir.
3. Í fyrirvaralausum eftirliti 15.maí kom auk þess fram frávík þar sem að straumteinar(hráefni) voru geymdir utandyra. Brugðist hefur verið við því fráviki en skv upplýsingum frá rekstraraðila eru þeir allir komnir inn í verksmiðjuhús eða í lokaða gáma.

Í eftirlitinu komu fram fimm ný frávík vegna skráninga, ráðstöfun úrgangs, hávaða og umgengni á lóð, auk þess sem að útblástursmælingar vantar. Brugðist var við fráviki þar sem að tanki með úrgangsolíu var á lóð þar sem að ekki var lokuð fráveita. Hann var færður á planið með olíugildrunni á meðan á eftirlitinu stóð.

Auk þess voru gerðar þrjár athugasemdir við starfsemina þar sem að útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað, nánar þarf að greina frá úrgangsflokkum í grænu bókhaldi og að áhættumat og viðbragðsáætlun hefur ekki verið send til Mannvirkjastofnunar og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins að þessu sinni var eftirfarandi

1. Skráningar sbr grein 3.2. í starfsleyfi
2. Gagnaskil skv starfsleyfi
 - a. Upplýsingar í Grænu bókhaldi
 - b. Áætlun vegna rekstrarstöðvunar (lokunar) skv grein 1.6
 - c. Áhættumat og viðbragðsáætlun skv grein 4.4
3. Útistandandi frávík: Besta fánlega tækni (BAT) mengunarvarna
4. Úrgangsmál. Flokkun og geymsla úrgangs innan lóðar
5. Móttaka hráefna
6. Frágangur lóðar

1. Rekstrarhandbók hefur verið útbúin fyrir rekstraraðila og er að hluta til í notkun. Engar kvartanir voru skráðar í rekstrarhandbók. Ekki hefur komið til tæminga á olíugildrum þar sem að þær eru það nýlegar. Mælingar á útblæstri eru fyrirhugaðar innan tíðar en skv mæliáætlun skulu þær gerðar tvisvar sinnum á ári. Niðurstöður síðustu mælinga sem gerðar voru í desember 2015 eru innan starfsleyfismarka. Úrgangi og spilliefnum hefur ekki verið komið til viðeigandi móttökuaðila og því engar skráningar þar um í rekstrarhandbók. Staðfesting á kvörðun og prófun mælibúnaðar í reykhreinsivirki liggur ekki fyrir. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, áætlun vegna rekstrarstöðvunar og niðurstöður hávaðamælinga sem gerðar voru 12.desember sl. eru í rekstrarhandbók.

2. Grænu bókhaldi var skilað til Umhverfisstofnunar 21.maí sl. Þar er gert grein fyrir helstu lykiltölum fyrir hráefni, orku,úrgang og framleiðsluvörur fyrir árið 2014 ásamt nýjustu mælingum frá útblæstri. Farið var yfir viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem hefur verið uppfærð eftir mannabreytingar í fyrirtækinu. Áætlun vegna rekstrarstöðvunar var send eftirlitsaðila á meðan eftirlitið fór fram og er nú til skoðunar hjá stofnuninni.

3. Rætt var um úrbætur vegna útistandandi frávíks frá grein 2.4 í starfsleyfi vegna rykmengunar út úr

verksmiðjuhúsinu. Tímasett áætlun hefur ekki verið lögð fram varðandi þetta frávik. Rekstraraðili hefur skipt út öllum pokum í síuhúsum reykhreinsivirkjanna og telur virkni hreinsivirkisins betri eftir það. Eftirlitsaðili kynnti fyrir rekstraraðila bestu fánlegu tækni (BAT) fyrir mengunarvarnarbúnað en samkvæmt grein 1.4 í starfsleyfi ber rekstraraðila að starfa eftir BAT kröfum eru settar fram í "Best Available Techniques (BAT) reference Document for Iron and Steel Production, 2013" sem aðgengilegt á eftirfarandi vefnum (<http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/reference/i&s.html>).

4. Framleiðsluúrgangi frá verksmiðjunni hefur ekki verið komið í viðeigandi farveg.

Síuryk frá hreinsivirki er safnað í sekki og geymt utandyra. Hluti þess er á víð á dreif á lóðinni þar sem að keyrt hafði verið utan í pokana svo þeir rifnuðu. Annar framleiðsluúrgangur, það er gjall, rafskautsleifar, múrefni og fódoringarefni og ankertun er geymt í haugum á lóð sunnan við verksmiðjuna. Gámaþjónusta Vesturlands tekur við öðrum úrgangi frá verksmiðjunni. Sementsplötur eru notaðar til fódringar í staðinn fyrir ankertun áður. Samkvæmt tölvupósti frá 25.júní kemur fram að um 240 tonn af síuryki og 1800 tonn af gjalli og hefur safnast upp frá gangsetningu verksmiðjunnar.

5. Farið var yfir móttöku hráefna. Í fyrirvaralausum eftirliti kom í ljós stórir haugar af brotajárni við verksmiðju GMR Endurvinnslu. Skv upplýsingum rekstraraðila er um 5000 tonn af hráefni að ræða, þar af um 3000 tonn sem eru inni í hráefnisgeymslunni. Hluti straumteina sem rekstraraðili hefur tekið sem hráefni við þarfnast hreinsunar svo þeir henti til vinnslu í verksmiðjunni.

6. Farið var í skoðunarferð og litið á umgengni á lóð og í verksmiðju. Steypt plan með olúgildru er komið á norðaustur enda lóðar GMR. Lóðin er að öðru leiti ómalbikuð og hefur ekki verið girt af. Hráefni, úrgangur og framleiðsluvara er geymd að hluta til fyrir utan lóð GMR Endurvinnslu, þ.e. á lóð við Tangaveg 3 og suður fyrir lóðina. GMR Endurvinnsla hefur sent beiðni til Faxaflóahafna um stækkun lóðarinnar.

Hráefnisgeymsla er svo til full af brotajárni af svipuðu tagi og í haugum utandyra sem greint er frá í eftirlitsskýrslu úr fyrirvaralausum eftirliti þann 15.maí sl. Breytt var yfir straumteina sem geymdir voru utandyra með dúk til bráðabirgða til að verja þá fyrir raka. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur straumteinum hefur nú verið komið fyrir í lokaða gáma. Töluvert af straumteinum voru í vinnslusalnum, en að sögn tímabundið þar sem að hráefnisgeymslan er full.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.2	Skráningar á kvörtunum, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, úrgangsskráningar og magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu og endurnýtingar og til spilliefnamóttöku vantar í rekstrarhandbók.
Grein 2.14	Hávaðamælingar sem gerðar voru í verksmiðjunni í desember 2014 eru yfir mörkum í reglugerð 724/2008 um hávaða. Við lóðarmörk mældist hávaðinn 74 dB(A).
Grein 2.13	Framleiðsluúrgangi er safnað upp á lóðinni og hefur ekki verið fundinn viðunandi farvegur. Um er að ræða m.a. síuryk frá hreinsivirki, síupoka frá hreinsivirki, múrefni, gjall, rafskautaleifar og fódoringarefni (pyrostop og ankertun).
Grein 3.1 í starfsleyfi	Ein útblástursmæling var gerð úr reykháfi frá vinnslusal í febrúar 2014. Skv. starfsleyfi á að mæla útblástur tvisvar sinnum á ári til ársins 2017.

Grein 2.9 í starfsleyfi

Tankur með úrgangsolíu var á verksmiðjulóð þar sem að ekki var lokuð fráveita. Á meðan á eftirlisheimsókninni stóð var tankurinn færður á réttan stað, þ.e. á steipt plan með olfugildru.

ATHUGASEMDIR

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar liggur fyrir en hefur ekki verið send til Mannvirkjastofnunar og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar sbr. grein 4.4 í starfsleyfi.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2014 hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar. Grænu bókhaldi var skilað 21.maí sl. en skv grein 3.4 á að skila því fyrir 1.maí ár hvert. Í græna bókhaldinu er æskilegt að nánar sé greint frá úrgangsflokkum.

ANNAÐ

Í eftirlitinu kom fram að GMR Endurvinnsla hefur keypt rekstur Hringrásar ehf. Hringrás hefur tækjabúnað til að flokka brotajárn og vonast rekstraraðila að geta nýtt það til að flokka hráefnishaugana á lóðinni og velja úr það sem hægt er að nýta í framleiðsluna. Umhverfisstofnun bendir á að grein 2.1 í starfsleyfi er tiltekið það hráefni sem verksmiðjunni er heimilt að taka á móti. Í starfsleyfinu er ekki gert ráð fyrir að flokkun brotajárns eigi sér stað á lóð verksmiðjunnar.

Í svari stofnunarinnar við erindi um flokkun úrgangsefna hjá GMR Endurvinnslu frá 19.nóvember sl. kemur fram að stofnunin telur flæðigryfjur ekki æskilega förgunarleið fyrir neinn úrgang hjá fyrirtækinu, þar sem að ekki er gert ráð fyrir flæðigryfju í starfsleyfi GMR Endurvinnslu. Þeir aðilar sem reka flæðigryfju hér á landi hafa sömuleiðis ekki heimild til að farga neinum úrgangi nema sínum eigin. Sömuleiðis er mat stofnunarinnar að endurnýting síuryks sem íblöndunarefni í malbik eða steypu sé ekki möguleg förgunarleið miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Í erindinu kemur fram að mistök hafi verið gerð í úrgangsflokkun svo að gjall, fóðringu og ankertun DS20 hafði verið blandað saman. Umhverfisstofnun samþykkti að blandaða úrgangnum yrði fargað á almennan urðunarstað það skiptið, þar sem að ekki er unnt að flokka hann í sundur eftirá, en brýndi fyrir rekstraraðila að standa vel að flokkun úrgangsefnanna framvegis. Í skoðunarferðinni kom í ljós að betur er staðið að flokkuninni nú en haugurinn með blandaða úrganginum stendur enn á lóðinni.

Reykjavík, 14.07.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.